



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Ég, samskiptin og samfélagið	
	ÉSSXS24	
	Kennsluáætlun vorönn 2015	

Kennari	Sigrún Fanney og Snorri Björnsson	Sk.st.	SFS og SNO
----------------	-----------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing: Áfanginn byggist á sex stoðum menntunar eins og þau koma fram í Aðalnámskrá framhaldsskóla eða læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starf. Komið verður inná val nemanda varðandi lífsstíl, s.s. markmið menntunar, mataræði, áhugamál, starfsvettvang, menningu og listir. Rýnt verður m.a. í eftirfarandi hugtök og unnin verkefni þeim tengdum: Læsi í víðum skilningi, jafnrétti – fordómar – sjálfsmynd – tilfinningar – tjáning.

Markmið:

- Nemendur öðlist aukna færni í félagslegum samskiptum og eigi auðveldara með að tala um tilfinningar sínar og reynslu.
- Að þeir verði meðvitaðri um eigin þarfir, hvað sé rétt og rangt og geti tekið ákvarðanir í samræmi við það.
- Nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun s.s. með læsi á ýmsa miðla eins og fjölmiðla, kvikmyndir, netsamfélagið o.fl..
- Nemendur verði meðvitaðir um áhrif jafnréttisbaráttunnar.
- Nemendur afli sér þekkingar á stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú.
- Að skapa jákvætt viðhorf nemenda gagnvart kynhneigð, kynferði og mismun kynjanna og að þeir þjálfist í að líta á samfélagið út frá sjónarhorni mismunandi þjóðfélagshópa.
- Nemendur fræðist m.a. um kynlíf, barneignir, getnaðarvarnir, kynsjúkdóma og foreldrahlutverkið.
- Nemendum verður kynnt mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér og þá t.d. með því að fjallað verður um almenna umhirðu líkamans, daglegt hreinlæti, líkamsþjálfun og næringu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Ég, samskiptin og samfélagið	
	ÉSSXS24	
	Kennsluáætlun vorönn 2015	

Námsgögn: Ýmis hefti, verkefni, ljósrit og myndir frá kennurum. Einnig verða vefsíður, fjölmiðlar og myndbönd notuð.

Áætlun um yfirferð:

Öll önnin:	<p>Vikunni verður skipt í tvennt, tveir tímar með hvorum kennara, sem þó hafa samráð um yfirferðina.</p> <p>Unnið verður með sjálfsmyndina í víðum skilningi. Nemendur velta fyrir sér spurningum eins og hver er ég og hvar stand ég?</p> <p>Farið verður í kynfræðslu sem og fræðslu um líkamann og mikilvægi líkamsþjálfunar og heilbrigðs lífnis.</p> <p>Fræðst verður um jafnréttishugtakið, mismunandi kynhneigðir og um mismun kynjanna eins og hann birtist okkur í samfélagi okkar.</p>
------------	--

Verkefni: Tímapróf, ýmis verkefni og munnlegt próf.

Námsmat og vægi námsþátta: Tímapróf 20%, verkefni 50%, munnlegt próf 10%, mætingar og virkni í umræðum 20%,

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils